

Áfangalýsing KÓRS2AS02/BS02

Nafn áfanga: KÓRS2AS02

Titill áfanga: Kórstarf að hausti

Námslýsing:

Í áfanganum er mælt til þess að nemandi læri utanbókar að jafnaði fimmtán kórverk, þar af að lágmarki tíu íslensk kórverk. Sem dæmi um uppbyggingu námsefnis:

Veraldleg kórverk:

Smávinir fagrir – Jón Nordal

Hjá lygnri móðu – Jón Ásgeirsson

Komdu nú að kveðast á – Jón Þórarinnsson

Tíminn líður, trúðu mér – Árni Harðarson

Ferðalok – Hróðmar I. Sigurbjörnsson

Jólaverk:

Jólasöngur – Hugi Guðmundsson

Það á að gefa börnum brauð – Jórunn Viðar

Nóttin var sú ágæt ein – Sigvaldi Kaldalóns

Jól – Bára Grímsdóttir

Jólaljósín blikar – Haukur Tómasson

Að lokum er hluti kórverka áfangans fluttur á útskrift að hausti.

Mælt er til þess að nemandi taki þar þátt.

Námsmat:

Raunmæting 70%

Þátttaka í æfingabúðum að hausti í Reykjavík 10%*

Þátttaka í viðburði: Tónleikar 10%*

Þátttaka í viðburði: *Foreldrakynning* 10%

*Ef utanaðkomandi viðburður liggur fyrir tiltekna önn, til að mynda þátttaka í viðburði með Sinfóníuhjómssveit Íslands, þá gæti þátttaka þess viðburðar vegið annað hvort í stað æfingabúða eða tónleika. Tilkynnt verður um námsmat hvers áfanga í upphafi annar.

Raddstjórar skrá niður mætingu hvers nemanda og skila þeirri skráningu einu sinni í viku til kórstjóra, sem skráir hana jafnóðum niður í kerfi skólans. Mælt er til þess að nemandi sé viðstaddur alla kennslustundina. Fari svo að nemandi þurfi að hverfa frá fyrr ber honum að láta raddstjóra sinnar raddar vita. Raunmæting niður fyrir 70% undir lok áfanga jafngildir falli. Ef raunmæting nemanda er komin niður fyrir 60% þegar komið er að viðburði eða æfingabúðum er kórstjóra heimilt að meina honum þátttöku. Ef nemandi sýnir af sér ósæmilega hegðun sem kemur í veg fyrir vinnufrið áfangans er kórstjóra, í samráði við raddstjóra og áfangastjóra, heimilt að meina nemanda áframhaldandi þátttöku í áfanganum. Nemandi hefur þá þegar fengið skriflega áminningu um ósæmilega hegðun.

Kennslustundafjöldi: Tvær tveggja klukkustunda kennslustundir á viku. Að auki gætu viðburðir innihaldið aukaæfingar sem eru ígildi hálfrar æfingar á hefðbundnum tíma. Á prófatíma eru að auki skipulagðar fáeinar aukaæfingar fyrir útskrift.

Einingar: 2

Skilyrði: Inntökupróf í upphafi áfanga hafi nemandi ekki lokið áfanganum *Kórstarf að vori*. Allir nemendur sem lokið hafa áfanganum *Kórstarf að hausti* fara sjálfkrafa á vorönn í *Kórstarf að vori*.

Nafn áfanga: KÓRS2BS02

Titill áfanga: Kórstarf að vori

Námslýsing:

Í áfanganum er mælt til þess að nemandi læri utanbókar að jafnaði fimmtán kórverk, þar af að lágmarki tíu íslensk kórverk. Sem dæmi um uppbyggingu námsefnis:

Veraldleg kórverk:

Við svala lind – Atli Heimir Sveinsson

Blítt er undir björkunum – Páll Ísólfsen

Stóðum tvö í túni – Hjálmar H. Ragnarsson

Veröld fláa – Hafliði Hallgrímsson

Syngur sumarregn – Hildigunnur Rúnarsd.

Kirkjuleg kórverk:

Heyr þú oss himnum á – Anna Þorvaldsdóttir

Til þín Drottinn – Þorkell Sigurbjörnsson

Dýr fæðingin... – Hugl Guðmundsson

Eg vil lofa eina þá – Bára Grímsdóttir

Kvöldbænir – Tryggvi M. Baldvinsson

Að lokum er hluti kórverka áfangans fluttur á útskrift að vori.

Mælt er til þess að nemandi taki þar þátt.

Námsmat:

Raunmæting 70%

Þátttaka í æfingabúðum að vori utan Reykjavíkur, vorferð 10%*

Þátttaka í viðburði: tónleikar 10%*

Þátttaka í viðburði: *Grunnskólakynning - Opið hús í MH* 10%

*Ef utanaðkomandi viðburður liggur fyrir tiltekna önn, til að mynda þátttaka í viðburði með Sinfóníuhjósveit Íslands, þá gæti þátttaka þess viðburðar vegið annað hvort í stað æfingabúða eða tónleika. Tilkynt verður um námsmat hvers áfanga í upphafi annar.

Raddstjórar skrá niður mætingu hvers nemanda og skila þeirri skráningu einu sinni í viku til kórstjóra, sem skráir hana jafnóðum niður í kerfi skólans. Mælt er til þess að nemandi sé viðstaddur alla kennslustundina. Fari svo að nemandi þurfi að hverfa frá fyrr ber honum að láta raddstjóra sinnar raddar vita. Raunmæting niður fyrir 70% undir lok áfanga jafngildir falli. Ef raunmæting nemanda er komin niður fyrir 60% þegar komið er að viðburði eða æfingabúðum er kórstjóra heimilt að meina honum þátttöku. Ef nemandi sýnir af sér ósæmilega hegðun sem kemur í veg fyrir vinnufrið áfangans er kórstjóra, í samráði við raddstjóra og áfangastjóra, heimilt að meina nemanda áframhaldandi þátttöku í áfanganum. Nemandi hefur þá þegar fengið skriflega áminningu um ósæmilega hegðun.

Kennslustundafjöldi: Tvær tveggja klukkustunda kennslustundir á viku. Að auki gætu viðburðir innihaldið aukaæfingar sem eru ígildi hálftrar æfingar á hefðbundnum tíma. Á prófatíma eru að auki skipulagðar fáeinar aukaæfingar fyrir útskrift.

Einingar: 2

Skilyrði: Inntökupróf í upphafi áfanga hafi nemandi ekki lokið áfanganum *Kórstarf að hausti*. Allir nemendur sem lokið hafa áfanganum *Kórstarf að vori* fara sjálfkrafa á haustönn í *Kórstarf að hausti*.